

Alur Álvinnsla ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

Reykjavík, 6. janúar 2023
UST202202-353/S.M.
08.07.02

Fyrirvaralaust eftirlit í Al álvinnslu

Þann 22. desember 2022 fór fram fyrirvaralaust eftirlit í Al álvinnslu á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Helstu rykupsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir. Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri. Ítrekuð reykmengun er um báðar innkeyrsludyr verksmiðjunnar.

Í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 óskar Umhverfisstofnun eftir eftirfarandi:

- a) Tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði, þ.e. úrbótum rekstraraðila vegna rykmengunar um innkeyrsludyr.
- b) Uppfærða tímasetta áætlun um úrbætur vegna annarra mengunarvarna við rykupsprettur, sbr. tölvupóst rekstraraðila til stofnunarinnar frá 6. desember 2022.

Áætlunin skal berast Umhverfisstofnun eigi síðar en 27. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur